

# Ársskýrsla Málvísindastofnunar 2025

## Stjórn, starfsmenn og húsnæði

Aðalfundur Málvísindastofnunar var haldinn 10. júní kl. 14:30 í Eddu. Boðið var upp á kaffiveitingar. Á dagskrá voru venjuleg aðalfundarstörf, þ.e. farið yfir rekstrarreikning og ársskýrslu fyrir 2024. Fram kom að fjárhagsleg staða í árslok væri góð. Einnig var rætt að bækur væru ekki lengur gefnar út undir merkjum Málvísindastofnunar þar sem hún hefur ekki lengur starfsmann á sínum snærum til að annast umfangsmikil útgáfumál. Með þeirri breytingu hefur samvinna við Háskólaútgáfuna verið aukin á síðustu árum og eru endurprentanir nú alfarið í höndum hennar.

Á fundinum sköpuðust umræður um styrki stofnunarinnar, þá einkum upphæð mótframlags vegna styrkja úr Nýsköpunarsjóði. Stjórnin bauðst til að taka málið upp á stjórnarfundum í kjölfar aðalfundar. Einnig var rætt um heimasíðu Málvísindastofnunar og upplýsingar sem þar koma fram. Stjórnin bauðst til að yfirfara heimasíðuna og gera þar nauðsynlegar breytingar.

Félagar voru og hvattir til að huga að styrkjamöguleikum Málvísindastofnunar sem gætu stutt við fyrirliggjandi verkefni eða til að hefja vinnu við ný verkefni.

Stjórnin naut sem fyrr liðsinnis verkefnastjóra Hugvísindastofnunar, Margrétar Guðmundsdóttur. Félagar í Málvísindastofnun á starfsárinu voru 35, þar af 4 doktorsnemar. Stofnunin hefur enga fasta aðstöðu en rætt var á fundinum að geymsla sem stofnunin hefur lengi haft aðgang að undir bókalager hafi verið tæmd árið 2024, hún er nú notuð af forleifafraeðinni undir ýmislegt sem námsgreininni tilheyrir.

## Styrkir og mótframlög

Málvísindastofnun greiddi mótframlag til þriggja verkefna vegna úthlutunar Nýsköpunarsjóðs námsmanna árið 2025 að upphæð 1.020.000 kr. Auk þess var greitt mótframlag til tveggja verkefna vegna úthlutunar Nýsköpunarsjóðs námsmanna árið 2024 sem gert var upp á yfirstandandi ári, alls 680.000 kr.

Stofnunin greiddi einnig ferðastyrki til fjögurra nemenda í tengslum við námskeiðið ÍSL515M Færeyska og íslenska að upphæð 140.000 kr.

## Ráðstefnur, málþing o.fl.

Rask-ráðstefna Íslenska málfræðifélagsins var haldin á Heimasvæði tungumálanna í Veröld – húsi Vigdísar 24. og 25. janúar 2025. Ráðstefnan var lengri og með hátíðlegra yfirbragði en venjulega í tilefni 45 ára afmælis Íslenska málfræðifélagsins, 50 ára afmælis Málvísindastofnunar og 25 ára afmælis Málvísindakaffis. Málvísindastofnun veitti félaginu styrk að upphæð 171.946 kr.

Félagið Mál og saga fékk styrk frá Málvísindastofnun vegna húsnæðis fyrir aðalfund að upphæð 8.625 kr.

Styrkur var jafnframt veittur til táknmálstúlkunar vegna erindis Rannveigar o.fl. í Málvísindakaffi að upphæð 23.500 kr.

Styrkur var veittur vegna veitinga á viðburði Annars hugar, fyrirlestraröð á vegum HÍ í samstarfi Málvísindastofnunar, námsbrautarinnar Íslenska sem annað mál og Árnastofnunar, að upphæð 25.000 kr.

Tveir styrkir voru jafnframt veittir vegna nemendaviðburða: Annars vegar vegna veitinga á viðburði fyrir meistaranema innan námsbrautar í íslensku að upphæð 15.650 kr. Einnig styrkt af Bókmennta- og listfræðastofnun.

Hins vegar vegna veitinga á viðburðinum Hraðíslenska á vegum íslensku sem annars máls (stefnumót nemenda í íslensku sem öðru máli, íslensku og erlendum tungumálum), að upphæð 13.761 kr. Einnig styrkt af Bókmennta- og listfræðastofnun og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

Stofnunin veitti og Íslenska málfræðifélaginu styrk fyrir greiðslu húsnæðis vegna Málvísindakaffis að upphæð 156.975 kr.

Þá hafði stofnunin samvinnu við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum vegna fyrirlestrahalds Peters Juel Henriksen í Veröld – húsi Vigdísar, og veitti styrk að upphæð 30.409 kr.

Loks veitti Málvísindastofnun styrki vegna a) flutnings á bókasafni Jörundar Hilmarssonar úr geymslu í Árnagarði yfir í Eddu (Kassaleigan) að upphæð 154.700 kr. og b) launakostnaðar fyrir sumarvinnu nemenda við flokkun safnsins, flutning og frágang í Eddu að upphæð 174.966 kr.

### Rannsóknastofur innan Hugvísindasviðs

Í lok árs voru rannsóknastofur Málvísindastofnunar eftirfarandi: Rannsóknastofa í táknafræðum, Rannsóknastofa í máltileinkun, Máltæknisetur og Rannsóknastofan Mál og tækni.